

FJARÐAR fréttir

Miðvikudagur 2. október 2019 | 34. töl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

SÓLVANGSVEGUR 3

51 m² 29,8 millj. kr.

Sérlega björt og falleg stúdíó íbúð á fjórðu og efstu hæð í vönduðu og góðu lyftuhúsi ætlað 60 ára og eldri. Setustofa á hverri hæð og auk þess salur á jarðhæð.

ERLUÁS 25

234 m² 89,9 millj. kr.

Sérlega fallegt pallabyggt einbýli á þessum vinsæla stað í Áslandshverfinu. Frábær staðsetning og útsýni. Glæsilegur garður með pöllum/skjólgirðingum. Rúmgóður bílskur.

FJÓLUHLÍÐ 15

231 m² 94,9 millj. kr.

Afar fallegt og vel byggt tvílyft einbýli með innbyggðum tvöf. bílskur. Mjög fallegur garður með yfirbyggðum heitum potti. Róleg og góð staðsetning í botnlanga.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5
Opið kl. 8-17 virka daga



Opið virka daga frá 11:00-18:00
Laugardaga frá 10:00-16:00
www.litlagaeludyrabudin.is

Borgarlína áætluð í Fjörð árið 2030

Hafnarfjarðarbær greiðir 1.072 milljónir kr. til 2033

Íslenska ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa gert með sér samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinviðum til 15 ára. Sveitarfélögin leggja til 15 milljarða kr. á móti a.m.k. 45 milljarða kr. framlagi ríkisins. Þá miðast samkomulagið við að flýti- og umferðargjöld verði fest í lög og skili um 60 milljörðum til að fjármagna innviði allra samgöngumáta innan höfuðborgarsvæðisins.

Meðal flýti- og umferðargjöld verði fest í lög og skili um 60 milljörðum til að fjármagna innviði allra samgöngumáta innan höfuðborgarsvæðisins.

frá Álfanesvegi að Lækjargötu sem á að ljúka 2028. Ekki er áætlað að Borgarlínan nái í Fjörð fyrr en árið 2030

og óvíst með framhaldið. Þá er á sama tíma gert ráð fyrir að búið verði að setja Hafnarfjarðarveg í stökk í Garðabæ.



Bæjarstjórnir ásamt ráðherra við undirritun samkomulagsins.

GUNNAR SV. FRÍÐRIKSSON



Sími 842 2217



HELGAFELL
FASTEIGNASALA

**frítt söluverðmat
sanngjörn söluþóknun
fagljósmyndari**

„Minn metnaður er
heildarleiki, vönduð vinnubrögð
og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson
löggiltur fasteignasali
as@domus.is | gsm 896 6076

domus
FASTEIGNASALA

Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
Hafnarfirði
www.domus.is

UPPSKERUHAÚTÍÐ



facebook.com/ratleikur

**Ratleiks
Hafnarfjarðar**

verður miðvikudaginn
9. október kl. 18:15

Í Apótekinu í Hafnarborg (bæjarstjórnarsalnum)

FJARÐAR fréttir



Hafnarfjörður

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Prósentureikningur virðist oft vefjast fyrir fólki þó hann sé í eðli sínu mjög einfaldur. Það er mikilvægt að þeir sem nota prósentureikning kunnir þessari einföldu fræði.

Prósentustig er svo nokkuð sem stjórnmálamenn eru svo hrifnir af enda segjast þeir þá aðeins hafa misst 5 prósentustig þegar þeir hafa misst 50% af fylgi sínu þegar það fer úr 10% í 5%.

Það lá á að samþykka nýtt deiliskipulag á hluta af hverfi 1 á Hraunum, Gjótur, en hörð mótmæli hafa komið við deiliskipulag sem einkafyrirtækið Hraunbyggð ehf. hefur látið gera þó skipulagsvaldið sé bæjarins. Þar hafa menn keypt upp allar þær eignir sem þeir hafa komist yfir og greitt fyrir þær hátt verð. Til að hámarka gróðann þarf síðan að koma fyrir eins mörgum íbúðum og hægt er og þá virðist litlu skipta það sem áður hefur verið ákveðið og kynnt á vefsíðu bæjarins. Já, sérstök frétt var þann 15. maí 2018 þar sem sagt var frá því að rammaskipulag Hraun vesturs hafi verið samþykkt.

Nú virðist þetta rammaskipulag sem sátt virtist vera um ekki skipta miklu máli og viðmið um nýtingu að engu höfð. Þó geta stjórnmálamenn stigið fram og sagt að nýja deiliskipulagið sé í góðu samræmi „við tillögu að rammaskipulagi“ eins og formaður skipulags- og byggingarráðs skrifaði á Facebook fyrir stuttu.

Ef 60% meira byggingarmagn er ekkert til að gera veður út af þá eru hlutirnir ekki í lagi. Reyndar er haldið fram í greinargerð sem lögð var fram á fundi ráðsins að aukning úr 36.700 m² í 58.000 m² væri „aðeins“ 38% aukning. Kemur þarna að færni í prósentureikningi. Það var kannski allt í lagi að samþykka 38% eða var skipulagið samþykkt á fólkskum forsentum? Að fermetraföldi íbúða verði 82% í stað 15% er víst líka lítilvæg breyting.

Nei, svona er ekki hægt að bjóða bæjarbúum og vonandi standa þeir í lappimar og mótmæla svona vinnubrögðum.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Víðistaðakirkja

Sunnudagur 6. október

Fjölskylduhátíð kl. 11

Sjá auglýsingu í blaðinu.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 6. október:

Sunnudagaskóli kl. 11

Kirkjuhátíð kl. 14

Krílakórar og barnakórar kirkjunnar syngja ásamt kirkjukórnum.

Hin árlega kaffisala Kvenfélagsins hefst svo að lokinni góðri stund í kirkjunni.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 6. október

Fjölskylduhátíð í Víðistaðakirkju kl. 11

Ástjarnarkirkja heldur sameiginlega fjölskylduhátíð ásamt þjóðkirkjusöfnuðum Hafnarfjarðar í Víðistaðakirkju.

Sú hátíð kemur í stað messu dagsins, því býður Ástjarnarkirkja sóknarbörnum sínum til veislu í Víðistaðakirkju.

Verið öll hjartanlega velkomin.

www.astjarnarkirkja.is

Auglýsingar

gudni@fjardarfrettir.is | 896 4613

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚB • VIRÐING • TRAUST • REYNISLA

Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsdóttir Kristín Ingólfssdóttir Hannes O. Samþstet

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfararstofa.is

Leikskólinn Hjalli 30 ára

Var umdeildur og fékk mikla andstöðu í byrjun



Íris Helga Baldursdóttir skólustjóri, Margrét Pála stofnandi og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.

Leikskólinn Hjalli fagnaði 30 ára afmæli sínu í síðustu viku. Var sett upp lítil sögusýning með myndum úr öflugu starfinu í gegnum tíðina og móttaka var í húsakynnum skólans.

Útgáfa í tengslum við Hjallastefnuna hefur verið mikil.

Á sýningunni má sjá að skólinn var umdeildur í upphafi og sagði Margrét Pála Ólafsdóttir stofnandi Hjallastefnunnar að andstaða hafi m.a. komið frá öðrum leikskólakennurum. Frá upphafi var sýnin fyrir nýjan skóla skýr og einföld. Hún var sú að tryggt skyldi að hverju einasta barni liði vel í skólanum.



VINNUM SAMAN ERTU MEÐ?



MARKAÐSSTOFA
HAFNARFJARÐAR

**Öflugur stuðningur - Aukinn sýnileiki - Sterkt tengslanet -
Fjölbreytt fræðsla - Áhrif á rekstrarumhverfið**

Markaðsstofa Hafnarfjarðar kynnir með stolti á næstu vikum öll 95 aðildarfyrtæki sín, stór og smá, úr öllum geirum atvinnulífsins og hverfum bæjarins.

DYR

FJÖRÐUR



H-BERG



HAFNARFJÖRÐUR



HAFNARFJARÐARHÖFN



HÓPBÍLAR

LÖGVÍK EHF

**MARGT
OG merki
LEG**
mogm.is



MÍRÓ

Markþjálfun og ráðgjöf

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN



Reginn

FASTEIGNAFÉLAG



FEGURÐ
aeyktistofa

STARFSLEIKNI ehf



Við styðjum þig

ThorShip
-snjallari!

TRU

Flight Training Iceland ehf

urta.is landica

MATHÚS  BAR
VON

Hlutverk Markaðsstofu Hafnarfjarðar er að efla samvinnu og samtál atvinnulífsins, bæjarfélagsins og annarra sem vilja stuðla að uppbyggingu innan Hafnarfjarðar bæjarbúum og fyrirtækjum til góða. Sækjum og styðjum við verslun og þjónustu í heimabyggð!

Nánari upplýsingar á msh.is

Norðurljós í bæjarljósmengun

Ljóm: Guðni Grásson

Ljósmengun bæjarkjarna hefur gríðarleg áhrif á það hvernig við upplifum stjörnuhiminninn en þrátt fyrir það mátti sjá norðurljós í vesturátt um helgina. Meiri götulýsing er ekki það sama og betri lýsing en miklu skiptir að ekki sé lýst í allar áttir. Ljós sem ekki stefnir á götuna er eyðsla á rafmagni og veldur ljósmengun.

Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna



Nú í haust verður tekið upp nýtt fyrir-komulag við móttöku grunnskólanemenda af erlendum uppruna í Hafnarfirði sem felst í því að lagt verður stöðumat fyrir grunnskólanemendur af erlendum uppruna þegar þeir hefja skólagöngu í sveitarfélaginu. Stöðumatið er að sænskri fyrirmynd og var þýtt og staðfært með leyfi sænskra skólafyrirvalda með milligöngu Menntamálastofnunar.

Markmiðið með stöðumatinu er að afla sem raunhæfastra upplýsinga um námsstöðu erlendra nemenda sem koma til Íslands um leið og þeir hefja skólagöngu hér. Með stöðumatinu er unnt að kanna námslegan bakgrunn og auðvelda þannig kennurum og skólastjórnendum að skipuleggja nám hvers nemanda út frá styrkleikum hans og þörfum. Lagt er mat á fyrri þekkingu og reynslu sem og læsi og talnaskilning. Verkefnið gengur m.a. út á að styrkja nám, liðan og félagslega stöðu erlendra nemenda í grunnskólum. Í hverjum grunnskóla verður ákveðinn aðili sem leggur stöðumatið fyrir og hefur fengið þjálfun í því. Byrjað var að leggja

stöðumatið fyrir í einum skóla í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Árborg á vordögum. Í Hafnarfirði var það í Lækjarskóla. Reynslan í þessum þremur þátttökuskólum sýnir mikilvægi þess að meta námslega stöðu og þekkingu erlendra nemenda. Nú verður því unnið að því að koma stöðumatinu í sem besta framkvæmd í öllum skólum sveitarfélaganna þriggja.

STÖÐUMAT FYRIR LEIKSKÓLA Í ÞRÓUN

Starfshópur frá sveitarfélögunum Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ hefur undanfarin ár unnið að verkefninu með styrk úr Sprotasjóði. Sveitarfélögin sem standa að stöðumatinu hafa nú látið þýða svipað stöðumat fyrir leikskóla. Byrjað verður að leggja matið fyrir í vetur og verður Vesturkot þátttökuleikskóli í Hafnarfirði.

Vegna innleiðingar stöðumatsins var um miðjan september haldið námskeið í Reykjanesbæ fyrir fulltrúa allra grunnskóla í Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Árborg.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til aðgerða vegna FH málsins

Í ágúst 2018 voru ákvarðanir bæjarráðs og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar kærðar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins; annars vegar varðandi framkvæmdir á Kaplakrika og hins vegar vegna rammamasamkomulags og viðauka við fjárhagsáætlun fyrir árin 2018-2021. Álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins var kynnt á fundi bæjarráðs þann 26. september síðastliðinn.



Ágúst Bjarni Garðarsson

rammasamkomulagi um framkvæmdir á Kaplakrika hafi verið í samræmi við heimildir og engar athugasemdir eru

gerðar við fundarboð og meðferð málsins á bæjarstjórnarfundum síðar. Ráðuneytið gerir ekki heldur athugasemdir við greiðslu á 100 milljónum króna samkvæmt rammamasamkomulaginu þann 16. ágúst 2018, þar sem viðauki við fjárhagsáætlun hafi verið samþykktur í bæjarstjórn, sex dögum síðar, þann 22. ágúst.

Ráðuneytið telur þó að réttara hefði verið að staðfesta viðauka áður en greiðslan fór fram og verður það sjónarmið haft til hliðsjónar hjá Hafnarfjarðarbæ við afgreiðslu sambærilegra mála í framtíðinni. Er það mat ráðuneytisins að þessi ágalli hafi engin áhrif á lögmæti greiðslunnar og því sé ekki tilefni til frekari aðgerða í málinu.

MÁLINU LOKIÐ

Nú er málinu loks lokið með þessu álit ráðuneytisins og ég skal alveg viðurkenna það að mér er persónulega létt. Eftir situr hins vegar ákveðinn lærdómur, bæði hvað varðar samskipti manna í millum og varðandi þær ábendingar ráðuneytisins um það hvað betur megja fara í sambærilegum málum í framtíðinni. Ég vona að við getum öll verið sammála um það.

Höfundur er formaður bæjarráðs.

MÁLIÐ REKIÐ ÁFRAM AF TILFINNINGALEGRI HEIFT

Ég hef sagt það áður, bæði á fundum og við einstaka fulltrúa minnihlutans, að mér hafi þótt framganga þeirra og málflutningur í málinu hafa farið út fyrir alla skynsemi. Málið var rekið áfram af tilfinningalegri heift í garð nýs meirihluta, í minn garð og bæjarstjóra. Það verður ekki hjá því komist að nefna ótrúlega orðræðu og sömu heift þessara fulltrúa minnihlutans gagnvart framkvæmdinni sjálfri, einu tilteknu íþróttafélagi hér í bænum, Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, og einstaka persónum sem þar hafa verið í forsvari.

NIÐURSTAÐA RÁÐUNEYTISINS SKÝR

Álit ráðuneytisins staðfestir að afgreiðsla bæjarráðs 8. ágúst 2018 á



FJÖLSKYLDU HÁTÍÐ

Í VÍÐISTAÐAKIRKJU
Sun. 6. október kl.11

Sameiginleg fjölskylduhátíð þjóðkirknanna
í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi.

Hátíðin fer fram í Víðistaðakirkju og í íþróttahúsi Víðistaðaskóla.
Verum öll hjartanlega velkomin.

Hoppukastalar

Pylsur og djús

Sirkus Ísland

Blöðrulistamenn

Hljómsveit

Andlitsmálun

Leikir og fjör

Leiklistarhópur

Leikpáttur

Miskunnsami Samverjinn

Barnakórar

**AÐGANGUR
ÓKEYPIS!**



Magnaður hafnfirskur gítarleikari

Verður með tónleika í Bæjarbíói laugardaginn 2. nóvember

Hann fæddist í febrúar 1958 og ólst upp á Hringbraut 34 með fjölskyldu sinni, foreldrum og þremur systkinum, en fjölskyldan flutti síðar yfir garðvegginn í hús á Holtsgötu 12.

Hann var yngstur systkina en eldri systkini hans voru fædd á Bíldudal. Foreldrar hans voru Vestfirðingarnir Erla Hannesdóttir Thoroddsen, húsfrú með meiru og Stefán Ólafsson Thoroddsen sem var lengi útibússtjóri í Búnaðarbankanum í Reykjavík.

Þetta er að sjálfsögðu Gaflarinn og gítarleikarinn Björn Thoroddsen sem þrátt fyrir að hafa flutt fjórtán ára með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur, hefur alltaf talið sig Gaflara.

„Tíminn í Hafnarfirði mótaði mig algjörlega,“ segir Björn og minnst dreyminn á svip opna svæðisins á milli Holtsgötu og Hverfisgötu sem hann segist hafa upplifað næstum óbreytt þegar hann fór þar um daginn. „Ég ek alltaf í gegnum Hafnarfjörð þegar ég kem úr Keflavík og tek stundum krókinn eftir Hringbrautinni,“ segir Björn sem greinilega á margar góðar minningar úr Hafnarfirði.

ÓTRÚLEGUR TÓNLISTARFERILL

Björn var 11 ára þegar hann fór að læra á gítar. Aðspurður um tónlist á heimilinu segir Björn að faðir sinn hafi leikið á harmóníkkú en t.d. hafi ekki verið til plötuspilari á heimilinu. „En það var djúkbóx í Dórasjoppu,“ segir Björn og það fer nokkur tími í að finna



Gaflarinn Björn Thoroddsen heldur Guitarama í Bæjarbíói 2. nóvember.

sérstaklega vel. Hann segist þó hafa haft gott eyra en það var öllu flóknara að finna hljóma og annað hjálplegt sem nú er aðgengilegt öllum á vefnum.

FYRSTI GÍTARINN

Hann fékk sinn fyrsta gítar í fermingargjöf, tékkneskan Lignastone

fljótur að „pikka“ upp lög en áttaði sig á því að nauðsynlegt var að kunna á nótur. Hann hóf þá nám í klassískum gítarleik í Tónskóla Sigursveins, en ekki var boðið upp á annað gítarnám á Íslandi á þessum tíma.

NÁM Í LOS ANGELES

Eftir hvatningu kennara síns hélt Björn árið 1980 til Los Angeles. „Þar fór ég í flottasta gítarskóla sem er til enn þar var kennt á rafgítar, djass, blues, popp og í raun allt nema klassískan gítarleik. Mér gekk mjög vel þar, a.m.k. fékk ég viðurkenningu sem einn af 10 hæfileikaríkustu gítarleikurum þar.

Þetta var greinilega mikill og góður skóli fyrir Björn og þar kynntist hann fjölda hæfileikaríkra gítarleikara. Og

þarna lærði Björn að koma fram, að það væri ekki nóg að vera góður gítarleikari. Þetta var erfitt fyrir feiminn Íslendinginn en átti eftir að koma sér vel.

„Það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom heim var að hringja í Björgvin Halldórsson,“ segir Björn og glottir. „Björn hver?“, svaraði Björgvin nokkuð kuldalega, þegar hann kynnti sig. „Það var skemmtilegt samtal,“ segir Björn og brosir en bætir því við að Björgvin hafi tekið sér afskaplega vel. Björgvin bauð honum með sér í Hljómsveit Björgvins Halldórssonar og Björn tók með sér í hljómsveitina, tvo sænska skólabræður frá Los Angeles. „Þetta var ógeðslega góð hljómsveit,“



segir Björn en fyrst var farin hefðbundinn túr um Ísland en svo tók við fræg 5 vikna Rússlandsferð hljómsveitarinnar. „Þarna spiluðum við lögin hans Bjögga, Totolög og tvö af mínum lögum,“ segir Björn.

Síðan tóku við nokkur ár á Broadway og segir Björn að þetta hafi verið blómatími með góðin launum. En þetta var í síðasta skiptið sem Björn lék í dans/ball hljómsveit.

Síðan hefur Björn leikið víða um heim með hæfileikaríkustu gítarleikurum heims. Hann fór fljótt að semja



Björn á Holtsgötunni, sem þá var ekki malbikuð frekar en flestar aðrar götur.

nákvæmlega út í hvaða húsi hún var. Niðurstaðan var að hún hafi verið í gamla Birninum, Vesturgötu 2, sem nú er búið að rífa. Þar var Kaupfélagið með veiðarfæra- og byggingavöruverslun og þar minnst Björn sjöppunnar og djúkbóxins.

„Þar heyrdi ég t.d. Hey Joe með Jimi Hendrix sem ég gleypiti í mig og hljóp heim til að reyna að spila það,“ segir Björn og segir að það hafi ekki gengið

gítar úr Hljóðfærahusi Sigríðar Helgadóttir. Hann fór fljótt að spila í hljómsveitum með öðrum strákum og fyrsta sviðsframkoman var í pásu á dansæfingu í Flensborg þegar Björn var 13 ára. 14 ára lék hann svo fyrst á tónleikum í Bæjarbíói en þar verður Björn einmitt áberandi á næstunni.

Áhuginn jókst og um 17 ára aldur var hann farinn að spila með hljómsveitum í Reykjavík. Hann segist hafa verið



Þau koma fram á Guitarama, f.v.: Krummi, Skúli, Stefán, Björn, Gunnar Þór, Pétur Valgarð, Unnur, Andrés Þór og Sigurgeir Skafti.

Öflugur hafnfirskur þjónustuiðnaður endurspegladist á Sjávarútvegssýningu

Fjöldmörg hafnfirsk fyrirtæki voru þátttakendur á sjávarútvegssýningu í Laugardalshöll

Sjávarútvegssýningin sem haldin var í Laugardalshöll í síðustu viku fékk metaðsókni en á sýningunni mátti finna fjölmörg hafnfirsk fyrirtæki. Það kemur kannski ekki á óvart enda óvída þar sem eins mörg þjónustufyrirtæki við sjávarútveg eru eins mörg og öflug og í Hafnarfirði.

Það fer ekki endilega mikið fyrir þeim meðal almennings hér í bæ en útvegsfólk veit af þeim og hefur af þeim góða reynslu.

Sjávarútvegurinn er ekki aðeins skip á sjó enda þarf mikinn og fullkominn búnað í skipin.

Ljósmyndari Fjarðarfréttar smelti nokkrum myndum af Hafnfirðingum og hafnfirskum sýningarbásum.



Atlas er rótróíð þjónustufyrirtæki fyrir sjávarútveg.



Verkfærasalan var áberandi með öflug verkfæri.



Naust marine var með stórt svæði og margt að kynna.



Hafnfirski fjölskyldan hjá Beiti í Vogunum.



Ísfell er eitt af stóru fyrirtækjunum.



Örn Magnússon framkvæmdastjóri Ásafls.



Erlendur í Ísbliki kynnti hreinsun með þurris.



Vera Sif og Alína Eydís kynntu töfrefni Prolan.

og útsetja og hefur ekki tölu á hljómplötum sínum sem gefnar hafa verið út um víðan heim.

FEIMNIN OG UPPISTANDIÐ

Hann kom einn fram í fyrsta skipti í Kanada og segir það hafa verið gríðarlega erfitt en sér hafi verið tekið afskaplega vel og oftar og oftar hafa hann komið fram einn með gítarinn og verið eins og uppstandari. „En þegar ég sit með gítarinn og byrja að tala, þá er vart hægt að stoppa mig,“ segir Björn sem segist hins vegar varla geta hugsað sér að standa upp og halda stutta tölu.

Hér er ekki pláss til að rekja feril Björns enda mun sú saga fylla heila bók sem nú er í vinnslu.

GITARAMA Í BÆJARBÍÓI

En næst á döfinni er Guitarama 2019 sem Björn heldur í tólfra sinn, 2. nóvember nk., en Björn hefur flutt tónleikana í Bæjarbíói.

Upphaflega var Guitarama nær eingöngu með gítarleikurum en nú er

gítarinn í aðalhlutverki en hljómsveitin er breiðari og þarna verður popp-, rokk- og djassblönduð tónlist og söngur.

Nú er hljómsveitin ný, ungir krakkar í bland við þekktu tónlistarmenn. Með Birni verður m.a. Unnur Birna Bassadóttir, fiðluleikari og söngvari úr Hveragerði, Skúli Skaftason trommu-leikari frá Selfossi og Sigurgeir Skafti Flosason, bassaleikari frá Hveragerði.

Gestir verða Hafnfirðingarnir Andrés Þór Gunnlaugsson, Gunnar Þór Jónsson, Krummi Björgvinsson, Pétur Valgarð Pétursson og Stefán Hjörleifsson.

Björn verður að sjálfsögðu í aðalhlutverki og mun rifja upp ýmislegt skemmtilegt frá ferli sínum og án efa verður þetta hin besta skemmtun og upplifun enda hæfileikaríkt fólk á sviði.

TÓNLEIKAR MEÐ BO

Aðspurður um hvað sé framundan segir Björn mjög mikið liggja fyrir. Hann sé m.a. að fara að vinna með Robben Ford í nýrri hljómsveit Björns

Hún hring minn ber



GULLSMÍÐJAN

Guðrún Bjarnadóttir, gullsmíður

LÆKJARGATA 34 c • HAFNARFJÖRÐUR • WWW.GULLSMIDJAN.IS

Thoroddsen en þeir hafa spilað mikið saman og er hann stórt nafn í amerískum gítarheimi. Með þeim verður m.a. Unnur Birna Bassadóttir, fiðluleikari og söngvari, sem Björn segir gríðarlega hæfileikaríkra.

Þá eru í pípunum tónleikar þar sem Björn og Björgvin Halldórsson leida saman hesta sína en það verða örugglega mjög áhugaverðir tónleikar.

Opið bréf frá bæjarfulltrúum Samfylkingarinnar

MEÐFERÐ FJÁRMUNA

Undirrituð vilja koma eftirfarandi á framfæri vegna mála tengdum uppbyggingu knathúss í Kaplakrika.

Ráðuneyti Samgöngu- og sveitarstjórnarmála tekur undir athugasemdir varðandi það að stjórnsýslu hafi verið ábótavant við meðferð og afgreiðslu málsins og telur það ámalisvert.

Þann 8. ágúst 2018 var boðað til fundar í bæjarráði þar sem til afgreiðslu var rammksamkomulag við FH vegna byggingar knathúss í Kaplakrika. Með samkomulaginu var verið að hverfa frá þverpólitískri samþykkt í bæjarstjórn frá 10. maí 2017 um það að bæjarfélagið myndi sjálft sjá um að byggja og reka íþróttamannvirki sem það hefði aðkomu að. Við þetta gerðum við athugasemd.

AFGREIÐSLA BÆJARRÁÐS

Við gerðum einnig athugasemd við það að bæjarráð tæki málið til afgreiðslu en ekki bæjarstjórn. Lögum samkvæmt er bæjarráði heimilt að taka mál til fullnaðarafgreiðslu ef bæjarstjórn er í sumarleyfi. Alla jafna er það þó ekki gert í málum sem varða verulega hagsmuni sveitarfélagsins. Ekki hafa allir flokkar í bæjarstjórn atkvæði í ráðinu og því einungis lítill hluti bæjarfulltrúa sem kemur að ákvarðanatöku þar.

RÁÐUNEYTIÐ TEKUR UNDIR GAGNRÝNI

Undir þessa gagnrýni er tekið í áliti sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur nú skilað vegna þessara mála. Þar kemur fram að markmið ákvæðisins um heimild bæjarráðs til ákvarðanatöku sé fyrst og fremst ætlað til að tryggja sveitarfélögum nauðsynlegt svigrúm til að bregðast hratt við aðstæðum ef nauðsyn ber til. Ráðuneytið sér enn fremur ástæðu til að áréttu að heimildir bæjarráðs til fullnaðarafgreiðslu mála séu „ekki ætlaðar til að taka ákvarðanir um ráðstöfun verulegra hagsmuna sveitarfélagsins með skömnum fyrirvara og án tilhlýðilegs undirbúnings.“ Bent er á að það teljist ganga gegn þeim lýðræðisgrundvelli sem sveitarfélög eiga að starfa eftir sem og sjónarmiðum um vandaðan undirbúning ákvarðana er varða almannahag.

Fulltrúar Samfylkingarinnar ásamt fleiri flokkum í minnihluta bæjarstjórnar gagnrýndu einnig ákvarðanatöku varðandi meðferð fjármuna. Ekki var gerður viðauki við fjárhagsáætlun sem gerði grein fyrir þeirri breytingu að kaupa íþróttamannvirki í stað þess að byggja knathús. Þá var fjárhæðin einnig hærra en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir við bygginguna. Einnig gerðum við athugasemdir við greiðslu 100 milljóna króna til íþróttafélagsins án þess að viðauki hefði verið gerður fyrir því. Sveitarstjórnarlögin eru afar skýr þegar kemur að meðferð fjármuna og alveg ljóst að viðauka átti að gera áður en kom til þessara ráðstafana.

ÁMALISVERÐ STJÓRNSÝSLA

Tekið er undir þetta í áliti ráðuneytisins sem áréttar að með öllu sé óheimilt að víkja frá gildandi fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka. Í álitinu kemur fram sú sama skoðun að um umtalsverða eðlisbreytingu hafi verið að ræða varðandi ráðstöfun fjármuna þegar ákveðið var að hætta við byggingu knathússins og kaupa þess í stað önnur íþróttamannvirki. Því hafi verið um verulegar breytingar á fjárhagslegum skuldbindingum að ræða. Um þetta segir í álitinu að greiðslan „hafi ekki verið tímabær“ þar sem ekki hafi verið búið að staðfesta viðauka við fjárhagsáætlun. Hafi stjórnsýsla Hafnarfjarðarbæjar að þessu leyti verið „ámælisverð.“

NIÐURSTAÐA MÁLSINS

Niðurstaða ráðuneytisins er að stjórnsýslu hafi verið að nokkru leyti ábótavant við meðferð og afgreiðslu

málsins og telur það ámalisvert. Þeim tilmælum er beint til Hafnarfjarðarbæjar að hafa þau sjónarmið sem rakin eru í álitinu til hliðsjónar í framtíðinni.

Hins vegar teljast ágallar á málsmeðferðinni ekki varða ólögmati ákvarðanna. Fyrir tilstilli fulltrúa í minnihluta bæjarstjórnar var viðauki gerður eftir á og á því byggir einna helst niðurstaðan um lögmatið.

AÐ LOKUM

Það er gott að niðurstaða hafi loks fengist í þessu máli. Hún staðfestir að umkvartanir okkar varðandi málsmeðferðina voru réttmætar þrátt fyrir að ákvarðanimar teljist lögmatar.

Við viljum benda á að gagnrýni okkar hefur allan tímann snúið að málsmeðferðinni og hefur ekkert með afstöðu okkar til uppbyggingar íþróttamannvirkja að gera, þrátt fyrir að fulltrúar meirihlutans hafi ítrekað reynt að láta það líta svo út að við værum í herferð gegn íþróttafélaginu sem um ræðir. Við teljum mikilvægt að stunda heiðarleg og lýðræðisleg vinnubrögð og upp á það fannst okkur vanta í þessu máli.

Höfundar eru bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

ÞÁTTTAKA Í ÞRÓUN Á NÝJU LANDSVÆÐI

Vilt þú taka þátt í að þróa nýtt landsvæði?

Hafnarfjarðarbær hefur tekið ákvörðun um skipulagsvinnu og uppbyggingu á landsvæði sem nefnist Hamranes. Svæðið er sunnan við Ásvallabraut, Velli 6 og Skarðshlíð.

Þróunaraðilar að fyrsta áfanga

Hafnarfjarðarbær leitar eftir þróunaraðilum að fyrsta áfanga svæðisins. Auglýst er eftir hópum; arkitektum í samstarfi við hönnuði og byggingaraðila, félagasamtökum, hagsmunahópum og fleirum sem kunna að hafa áhuga á að koma að áframhaldandi þróun og uppbyggingu þessa svæðis.

Grundvöllur fyrir nýjar hugmyndir

Með skipulagi og uppbyggingu á Hamranessvæðinu er stefnt að því opna fyrir og skapa grundvöll fyrir nýjar hugmyndir. Í umræðu undanfarin ár hefur borið talsvert á hugmyndum um minni íbúðir, bygginga-kostnað, sjálfbærni, endurvinnslu, ferðakostnað og breytt búsetuform svo fátt eitt sé nefnt.

Umsóknarform á Mínum síðum

Umsækjandi (fyrirtæki/hönnunarhópur) skal í umsókn gera góða grein fyrir hæfni sinni til að vinna deiliskipulag, hanna byggingarnar og byggja. Hann skal skila inn ítarlegum upplýsingum um hægð og reynslu og upplýsingum um fjárhagslegt hæfi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér fullan rétt til að meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur um hæfi á grundvelli upplýsinga í umsókn.

Umsóknum skal skilað inn fyrir **13. okt 2019**

Nánar á **hafnarfjordur.is**



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 35.990 KR. (Eingreiðsla)

Það gera aðeins 2.999 kr. á mánuði.

TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 8. OKT. 2019



Korthafar geta pantað sér **ókeypis tíma** með íþróttافرæðingi sem kennir á tækin og útbýr sérsniðna æfingaáætlun.

7.-10. bekkur grunnskólaárskort 24.990

Nemendur í 9. og 10. bekk mega æfa sjálfir í GYM heilsu samkvæmt þjálfunaráætlun þjálfara. Nemendur 7. og 8. bekk mega eingöngu æfa í salnum í fylgd fullorðinna/forráðamanna (eldri en 18 ára).

60 ára og eldri hjartanlega velkomnir

60-67 ára árskort á **aðeins 28.990 kr.**

67 ára og eldri árskort á **aðeins 24.990 kr.**

Opnunartími:

Mánudagar - Fimmtudaga:	06:30 - 22:00
Föstudagar:	06:30 - 20:00
Laugadagar:	08:00 - 18:00
Sunnudagar:	08:00 - 17:00

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í **Suðurbæjarlaug** og einnig í sund í **Ásvallalaug**



Hægt er að fara í aðrar GYM heilsustöðvar utan Hafnarfjarðar gegn greiðslu aðgangseyris í sund á viðkomandi stað.

Suðurbæjarlaug / sími 565 3080

www.gymheilsa.is

ÍÞRÓTTIR

KNATTSPYRNA:

ÚRSLIT KARLA:

FH - Grindavík: 3-0

HANDBOLTI:

6. okt. kl. 17, Kaplakriki

FH - OIF Arandal Elite, EHF keppni

6. okt. kl. 19.30, Kaplakriki

FH - Víkingur, I. deild kvenna

7. sept. kl. 20, Kaplakriki,

FH U - Valur U, I. deild karla

ÚRSLIT KARLAR:

FH - Afturelding: 25-24

Fram - Haukar: 22-24

Þór Ak. - Haukar U: 30-22

Fjölnir U - FH U: 20-24

KÖRFUBOLTI:

2. okt. kl. 19.15, Borgarnes

Skallagrímur - Haukar, úrvalsdeild kvenna

3. okt. kl. 19.15, Ásveilir

Haukar - Þór Ak., úrvalsdeild karla

FH tryggð sér Evrópusæti

Karalið FH í knattspyrnu tryggð sér 3ja sæti í úrvalsdeildinni með 3-0 sigri á fallliði Grindavíkur í síðustu umferð Íslandsmótsins. Tryggð felaði sér jafnframt rétt til að keppa í forkeppni Evrópuvæðdarinnar í knattspyrnu.

Knattspyrna úrvalsdeild:

Lokastaðan

ÚRVALSDEILD KARLA

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 KR	22	16	4	2	44:23	21	52
2 Breiðablik	22	11	5	6	45:31	14	38
3 FH	22	11	4	7	40:36	4	37
4 Stjarnan	22	9	8	5	40:34	6	35
5 KA	22	9	4	9	34:34	0	31
6 Valur	22	8	5	9	38:34	4	29
7 Víkingur R.	22	7	7	8	37:35	2	28
8 Fylkir	22	8	4	10	38:44	-6	28
9 HK	22	7	6	9	29:29	0	27
10 ÍA	22	7	6	9	27:32	-5	27
11 Grindavík	22	3	11	8	17:28	-11	20
12 ÍBV	22	2	4	16	23:52	-29	10

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfretir.is

Fært á stafrænt form

Tek að mér að færa vídeó, slide, ljósmyndir yfir á DVD diska eða flakkara.

Heimasíða fesbook/heima var best

sími 8637265 siggill@simnet.is

Sigurður Þorleifsson.

Gefins

Tveir djúpir, bólstraðir stólar fást gefins.

Uppl. í síma 565 3699.

Er íbúalýðræði virkt í skipulagsmálum Hafnarfjarðar?

Íbúar Hafnarfjarðar hafa í tveimur nýlegum skipulagsmálum, verið hundsáðir í formlegum athugasemdum við deiliskipulagstillögur; Fornubúðir og Dvergsreit. En í því síðara komu fram athugasemdir frá 23 aðilum og engin þeirra fékk hljómgrunn hjá bæjaryfirvöldum. Og nú er enn farið af stað.

Á íbúafundi um endurskoðun deiliskipulags miðbæjar í Bæjarbíói, þann 17.9.2019 má segja að þeim hugleiðingum sem þar fram komu hafi einfaldlega verið hafnað af fundargestum.

Af hverju var andstaðan við þessar „hugmyndir“ svona kröftug. Gæti það verið að sjónarmið íbúa Hafnarfjarðar hafi hvergi fengið hljómgrunn í undirbúningsferlinu. Skoðum það nánar.

Skipaður var starfshópur um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar sem að langmestu leyti var skipaður fólk úr pólitíkinni, atvinnulífnum og skipulagsgeiranum. Starfshópurinn hafði eftirfarandi hlutverk, samkvæmt erindisbréfi „Starfshópurinn skal vinna að og koma með tillögu að aðferðafræði við áframhaldandi vinnu við skipulag miðbæjarins. m.a. á grundvelli þessara gagna, móta stefnu um hvort unnið verði að opinni samkeppni um deiliskipulag miðbæjarins eða hvort unnið verði áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem liggur fyrir. Til grund-

vallar þessarar vinnu starfshópsins skal höfð hliðsjón af aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, gildandi deiliskipulagi „Miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001“ og skýrslu vinnuhóps um þéttingu byggðar. Jafnframt skal taka mið af fyrirliggjandi tillögum að uppbyggingu miðbæjarins sem unnar voru 2018“.

Þær tillögur sem hér er vísað til eru tillögur frá þremur arkitektastofum sem valdar voru af handahófi - dregnar upp úr hatti á skrifstofu bæjaryfirvalda Hafnarfjarðar. Síðan var fjórðu arkitektastofunni „falið það verkefni að skoða þær hugmyndir að þróun miðbæjarins sem þegar voru fram komnar frá þremur arkitektastofum, og leggja mat á hvort opin hugmynda-samkeppni um miðbæinn myndi skila öðrum tillögum en þegar hafa verið lagðar fram.“

Í drögum að skýrslu umrædds starfshóps, kemur fram að starfshópurinn er sammála þeirri niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu fjórðu arkitektastofunnar, „að óvist er hvort betri tillögur en þær sem liggja fyrir komi út úr samkeppni“. Jafnframt leggur starfshópurinn til að

ein tilnefnd arkitektastofa vinni áfram skv. forskrift starfshópsins“. (sjá drög að skýrslu á vef Hafnarfjarðarbæjar)

Þegar hér er komið við sögu þá hefur aðkoma skipulagsyfirlalda og arkitektastofa verið afgerandi og nánast engin aðkoma almennra íbúa. Þau gögn sem hingað til hafa verið höfð til hliðsjónar hafa byggt á miklu byggingarmagni og háhýsum. Umræddar lóðir eru að langmestu leyti nú þegar í eigu Hafnarfjarðarbæjar og bæjaryfirvöldum í lófa lagið að minnka „hámark“ byggingarmagns þeirra lóða. Allar þrjár tillögurnar eru keimlíkar í grunninn og allar ónothæfar í dag. Minnt er á, eins og fram kom á kynningarfundinum í Bæjarbíói, að „Deiliskipulag á gjarnan að endurspeglar samtímann og því mikilvægt að þau séu endurskoðuð reglulega“. Fram kom á fundinum, einlægur vilji bæjarbúa til að hlúa að þeim gildum sem hinn einstæði miðbær Hafnarfjarðar stendur fyrir. Yfirfara þarf gildismat fyrir miðbæ Hafnarfjarðar og vinna út frá allt öðrum forsendum en gert er í þessum hugmyndum. Hugum að opinni samkeppni, hlustum á vilja íbúa og hleypum fleiri að borðinu með hugmyndir að góðum miðbæ.

Höfundur er íbúi við Lækjargötu.

SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu við Tjarnarvelli, Haukasvæði.

Á fundi bæjarstjórnar 18.9.2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, vegna breyttrar landnotkunar við Tjarnarvelli, í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan nær til landsvæðis við Tjarnarvelli, Haukasvæði, og felst í að breyta landnotkunarskilgreiningu úr íþróttasvæði í íbúðarsvæði. Tillögurnar ásamt fylgigögnum verða aðgengilegar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 27. september til 4. nóvember 2019. Efni er einnig aðgengilegt á www.hafnarfjordur.is

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs eigi síðar en 4. nóvember 2019.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

Nýjar íbúðir fyrir fatlaða



Fyrsta skóflustungurnar voru margar.

Fyrsta skóflustungan að nýjum íbúðakjarna fyrir fatlað fólk við Öldugötu 45 var tekin í blíðviðri í lok síðustu viku að viðstöddum m.a. væntanlegum íbúum. Er þetta sérhönnuð heimili fyrir fatlað fólk, sex sérþýli, hvert um sig um 50 m² að stærð ásamt 23 m² starfsmannaaðstöðu og um 20 m² sameiginlegum rýmum. Íbúðakjarninn leysir af hólmi heimilið að Einibergi en þar eru fjórir íbúar.

HBH Byggir ehf. byggir húsin og er gert ráð fyrir að íbúðirnar afhendist í apríl 2021.

SH tvöfaldur bikarmeistari í sundi

Þriðja árið í röð sem félagið verður bikarmeistari, bæði í kvenna- og karlaflokki

Sundfélag Hafnarfjarðar varð um helgina bikarmeistari í sundi, bæði í karla- og kvennaflokki, þriðja árið í röð. Mótið fór fram í Vatnaveröld í Reykjanesbæ 27.-28. september.

Í bikarkeppninni eru stig veitt samkvæmt gildandi stigatöflu FINA. Stigahæsta kvennalið og stigahæsta karlalið í 1. deild hljóta sæmdarheitið bikarmeistari Íslands í sundi í kvenna- og karlaflokkum og gripi þá sem keppt er um. Einnig er það lið sem hreppir 2. sætið í 1. deild verðlaunað.

Á sama hátt eru tvö efstu liðin í 2. deild verðlaunuð. Veitt er viðurkenning til stigahæsta kvennaliðs og stigahæsta karlaliðs keppninnar í hverri deild.

SH SIGRÁÐI LÍKA Í 2. DEILD

Í 2. deild varð Sundfélag Hafnarfjarðar einnig efst í karla- og kvennaflokki.



Bikarmeistarar SH karla 2019.

2. DEILD KVENNA

- | | |
|---------------------------------------|-------------|
| 1. B-lið Sundfélags Hafnarfjarðar | 11.587 stig |
| 2. B-lið Íþróttabandalags Reykjavíkur | 9.689 stig |

2. DEILD KARLA

- | | |
|---------------------------------------|-------------|
| 1. B-lið Sundfélags Hafnarfjarðar | 12.372 stig |
| 2. B-lið Íþróttabandalags Reykjavíkur | 8.380 stig |

Ekkert lið fellur í 2. deild þetta árið þar sem einungis B-lið voru skráð til leiks í 2. deild en þau geta ekki unnið sig upp milli deilda.

Glesilegur árangur hjá þessu öfluga íþróttafélagi.

Bikarmeistarar SH kvenna 2019



Stigastaða í lok móts var eftirfarandi:

1. DEILD KARLA

- | | |
|-----------------------------------|-------------|
| 1. Sundfélag Hafnarfjarðar | 14.859 stig |
| 2. Sunddeild Breiðabliks | 13.589 stig |
| 3. Íþróttabandalag Reykjavíkur | 13.347 stig |
| 4. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar | 12.459 stig |
| 5. Sundfélagið Ægir | 9.127 stig |
| 6. Sundfélag Akraness | 9.003 stig |

1. DEILD KVENNA

- | | |
|-----------------------------------|-------------|
| 1. Sundfélag Hafnarfjarðar | 14.448 stig |
| 2. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar | 14.011 stig |
| 3. Sunddeild Breiðabliks | 13.724 stig |
| 4. Íþróttabandalag Reykjavíkur | 13.197 stig |
| 5. Sundfélag Akraness | 9.743 stig |
| 6. Sundfélagið Ægir | 9.081 stig |

Sjávarbotninn kortlagður



Glænýr fjarstýrður bátur var notaður til að kortleggja sjávarbotninn í Hafnarfjarðarhöfn með milli-metranákvæmni að sögn Ómars Hafliðasonar hjá Sjóttækni sem var við störf á hafnarsvæðinu.

Lýsm.: Guðni Glásson



Starfsmaður óskast

Markus Lifenet ehf.

óskar eftir að ráða starfsmann við framleiðslu á björgunarbúnaði. Um er að ræða 100% starf á saumastofu.

Viðkomandi þarf að vera vanur vélsaumi, vandvirkur, samviskusamur, vinnusamur og stundvís.

Íslenskukunnátta nauðsynleg og enskukunnátta æskileg.

Fólk á öllum aldri hvatt til að sækja um.

Vinsamlegast sendið umsóknir með ferilskrá á MarkusLifenet@simnet.is
Umsóknarfrestur er til 30. október

Heimsmeistari í spartversku hlaupi

Hafnfirðingurinn Ólafía Kvaran sigraði í sínum aldursflokki í Spartan race heimsmeistaramótinu

Ólafía Kvaran (49) varð sl. sunnudag heimsmeistari í aldursflokki 45-49 ára kvenna á Spartan Beast heimsmeistaramótinu í hindrunarhlaupi í Squaw Valley í Kaliforníu. Hún þurfti að takast á við mjög krefjandi aðstæður í 23 km hlaupinu sem var með 1400 m hækkun og 36 hindrunum, svo

ekki sé minnst á snjó, kulda og rok.

Mótið var haldið í North Lake Tahoe þar sem vetrar-olympiuleikarnir voru haldnir árið 1960.

Ólafía kom í mark á 4:08:34 klst. og varð fyrst af 31 í sínum aldursflokki, 17. af 263 konum og nr. 198 af 683 keppendum.

Ólafía tryggði sér þátttökuréttinn með því að verða 4. í sínum aldursflokki á mjög erfiðu Spartan Beast móti í Vestur Virginíu 24. ágúst sl. þar sem hún kom í mark á 3:33:20 klst.

Þá varð hún einnig fyrst í sínum aldursflokki og 3. kvenna í Spartan Sprint móti í



Lýðm.: Fréttar Fréttisón

Ólafía Kvaran, himinlifandi með verðlaunin.

Vermont 15. september þar sem hún kom í mark á 1:11:36 klst.



Lýðm.: spartan.com

Ólafía er 49 ára hjúkrunarfræðingur.



Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi stærri og smærri hópa.



Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

Flatahrauni 5a, Hafnfirði sími 578 0200



Ólafía þurfti að takast á við 36 óþekktar þrautir á leiðinni.

Fyrsta deiliskipulag þvert á rammaskipulag?

Þriggja mínútna hverfið strax orðið bitbein – Fjölgun úr I50 í 485 íbúðir á reit I.1 og I.4 vekur óhug

Boðað var til aukafundar í skipulags- og byggingarráði sl. mánudag til að afgreiða deiliskipulagstillögu á reit I.1 og I.4, Gjótur, sem er hluti hins væntanlega 3ja mínútna hverfis á svæði sem markast af Flatahrauni, Reykjavíkurvegi og Fjarðarhrauni.

Löng og mikil umræða hefur verið um þetta hverfi og mikil vinna lögð í undirbúning að nýju deiliskipulagi. Haldin var samkeppni, samráðsfundur og fl. og úr því unnið rammaskipulag sem setur viðmið, einskonar leiðarljós svo notuð séu orð skipulagsfulltrúa en rammaskipulagið var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs 15. maí 2018 og vísaði því til áframhaldandi úrvinnslu.

„RAMMASKIPULAG ÞETTA HEFUR EKKI FENGID FREKARI LÖGFORMLEGA MEÐFERÐ“

Sjö athugasemdir komu frá íbúum og var skipulagsfulltrúa gert að gera umsögn um þær en í stuttu máli var í engu tekið undir þær athugasemdir ef frá er talin athugasemd um frá-

gang á gögnum sem ákveðið var að taka til nánari skoðunar.

Helst voru gerðar athugasemdir við það að deiliskipulagið væi ekki í samræmi við rammaskipulagið en í umsögn skipulagsstjóra segir hann í raun að það hafi ekki gildi þar sem það hafi ekki fengið frekari lögformlega meðferð en með samþykkt ráðsins!

60% EN EKKI 38% MEIRA BYGGINGARMAGNI!

Í rammaskipulaginu er gert ráð fyrir 36.700 m² byggingarmagni á umræddum reitum en í nýja skipulaginu er gert ráð fyrir að það verði 58.800 m². Þetta segir skipulagsfulltrúi í greinargerð að sé 38% aukning, en allir þeir sem hafa fengið minnstu kennslu í stærðfræði átta sig á því að þetta er 60,2% aukning! Reyndar fékk greinargerð skipulagsfulltrúa ekki lögformlega meðferð þar sem ekki var tekin afstaða til hennar á fundi skipulags- og byggingarráðs sl. mánudag.

ÍBÚÐIR ÚR 35% Í 82% AF BYGGINGUM

Í rammaskipulaginu er gert ráð fyrir að 35% byggingar-

magns verði íbúðir á þessum reitum eða 12.845 m² en í nýju skipulagi er gert ráð fyrir 48.500 m² sem er nærri fjórfalt meira en rammaskipulagið gerir ráð fyrir og um 82% af heildarbyggingarmagni.

SEGJA Í GÓÐU SAMRÆMI

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og óháðra og Miðflokksins í skipulags- og byggingarráði fullyrða í bókun að framkomin deiliskipulagstillaga sé í góðu samræmi við rammaskipulagið

Fulltrúar Bæjarlistans, Samfylkingar og Vðreisnar segja hins vegar deiliskipulagið algjörlega á skjön við þá góðu samstöðu sem náðst hafi um

rammaskipulag fyrir þetta svæði. Segja þeir að fjöldi íbúða aukist úr 150 í 485 með því að leyfa allt að 9 hæða byggingar og fara með nýtingarhlutfall lóðar í 2,31 sem yrði það hæsta í Hafnfirði.

1.400 ÍBÚAR

Ef þetta gengi eftir yrðu íbúar um 1.400 talsins á þessu litla svæði segir í áliti minnihlutans. „Þessi tillaga er að okkar mati algjörlega óraunhæf og vandséð hvernig leysa ætti bilastæðismál, leikskóla- og skólamál svo eitthvað sé nefnt. Þar að auki myndi slíkt byggingarmagn vera fordæmisgefandi fyrir uppbyggingu annarra hverfa á Hraun vestur svæðinu.“



Reitir I.1 og I.4 séðir úr lofti frá suð-vestri.



Sigurður Pétur Sigmundsson.

Sigurður Pétur Sigmundsson, áheymarfulltrúi í ráðinu segir það með öllu óskiljanlegt að meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknar skuli leyfa sér að gjörbreyta þeirri lausn sem góð sátt hafði náðst um. Segir hann minnihlutann leggja til að fylgt verði eftir skilmálum gildandi rammaskipulags.

HVERRA HAGSMUNIR

„Ég velti fyrir mér af hverju meirihlutinn er yfirleitt að bjóða bæjarbúum upp á að gera athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi ef aldrei er tekið mark á þeim,“ segir Sigurður Pétur. „Hverra hagsmuna er meirihlutinn þá að gæta? Meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknar verða að svara því.“

Úr kynningu á deiliskipulaginu.